

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

### **Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflakks Íslands um auglýsingar á biðskýlum strætisvagna**

Á fundi Umhverfis- og skipulagsráðs þann 22. júní sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflakks Íslands:

*Í biðskýlum strætisvagna borgarinnar er eitt fyrirtæki sem selur auglýsingar. Það er sem sagt einn aðili sem sér um þennan rekstur og innheimtir gjöld fyrir. Billboara ehi heitir fyrirtækið og selur þessar auglýsingar í biðskýlum strætisvagna án neinnar samkeppni. Því er um einokun að ræða og tekjurnar fara á einn aðila. Hvers vegna fær ekki borgin eða Strætó bs tekjur fyrir auglýsingar í staðinn?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar Umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann sama dag.

Umsögn:

Í kjölfarið á útboði á uppsetningu og rekstri biðskýla í borginni árið 2018 var gerður samningur við Dengsa ehf. Samkvæmt samningnum útvegar og rekur Dengsi að lágmarki 210 strætóskýli og 10 borgarstanda í borginni næstu 15 árin, en hefur í staðinn heimild til að selja auglýsingar í skýlunum sem og á 40 auglýsingastöndum. Samningurinn kveður einnig á um að Dengsi setji upp og viðhaldi skjáum sem sýni komutíma næstu strætisvagna í rauntíma á völdum stöðum. Tekjur sem fyrirtækið fær vegna sölu á auglýsingum eru ætlaðar til að greiða fyrir rekstur á skýlum, s.s. rauntímaupplýsingum, þrífum, viðhaldi og uppfærslu á kortum og tilkynningum í biðskýlum og á borgarstöndum.

Virðingarfyllst,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
starfandi samgöngustjóri